

Skil á námsmatsgögnum

1 ALMENNT

Vinnulýsing þessi tengist VR-0004 Námsmat og færsla einkunna.

Í kafla 11.2 í Aðalnámskrá framhaldsskóla segir:

Skóla er skylt að varðveita allar prófúrlausnir lokaprófa í eitt ár hvort sem þær eru skriflegar eða rafrænar í samræmi við ákvæði laga um Þjóðskjalasafn. Innan þess tíma á próftaki rétt á að fá að sjá úrlausn og fá af henni afrit. Að þeim tíma liðnum ber skólameistari ábyrgð á að eyða öllum prófúrlausnum.

Símatsgögn falla undir þetta ákvæði eins og kostur er og framkvæmanlegt getur talist. Kennarar þurfa að geta gert grein fyrir sundurliðun námsmats og rökstuðningi fyrir einkunn.

Samkvæmt upplýsingalögum geta þeir sem þess óska fengið afhent eintök af lokaprófsverkefnum skóla eftir að próf í viðkomandi greinum hefur verið þreytt.

2 FRAMKVÆMD

2.1 MEÐFERÐ GAGNA SEM LIGGJA TIL GRUNDVALLAR VETRAREINKUNNAR

Námsmatsgögn sem eru til grundvallar vetrareinkunnar fá nemendur í hendur, strax og kennari hefur farið yfir þau, ásamt einkunn.

Ef ekki reynist unnt að koma verkefninu til nemandans skal kennari hafa það tiltækt á sýnidegi námsmats og vitji nemandinn ekki um verkefnið þá skal það geymt með prófúrlausnum (sjá lið 5 geymsla námsmatsgagna).

2.2 MEÐFERÐ LOKAPRÓFA OG ÚRLAUSNA

Lokapróf eru þau próf sem eru haldin á auglýstum próftíma og birt á próftöflu annarinnar. Úrlausnir nemenda eru geymdar í eitt ár og síðan eytt (sjá lið 2.5 geymsla námsmatsgagna).

2.3 PRÓFSÝNINGAR

Að prófum loknum eiga nemendur þess kost að skoða prófúrlausnir sínar í viðurvist kennara. Eftir haustönn eru prófsýningar fyrsta kennsludag eða í fyrstu kennslustund. Á vorönn er auglýstur prófsýningadagur þegar allar einkunnir hafa borist (áður en endurtökupróf hefjast). Ef fram kemur skekkja í mati eða einkunnagjöf skal slíkt leiðrétt strax.

Skil á námsmatsgögnum

Eftir prófsýningu ganga kennarar frá prófúrlausnum og skila til skólaritara sem kemur gögnunum í geymslu (sjá lið 2.5 geymsla námsmatsgagna).

2.4 RÉTTUR NEMENDA

Nemendur eiga rétt á að fá útskýringar á mati sem liggur að baki lokaeinkunn í námsáfangi innan fimm virkra daga frá birtingu einkunnar. Vilji nemendur, sem ekki hafa náð lágmarkseinkunn, þá eigi una mati kennarans geta þeir snúið sér til skólameistara og óskað eftir mati sérstaks prófdómara. Þá skal kveða til óvilhallan prófdómara sem metur prófúrlausnir. Úrskurður hans er endanlegur.

Kennari skal fara yfir verkefni og próf sem haldin eru á önninni og skila nemendum ásamt einkunn eins fljótt og auðið er. Ef ágreiningur rís milli kennara og nemanda um einkunn skal nemandinn fyrst ræða við kennarann og ef nemandinn sættir sig ekki við niðurstöðuna getur hann snúið sér til stjórnenda til að andmæla einkunnagjöfinni skv. VR-0003 Ábendingar, kvartanir, umbætur og forvarnir.

Nemandi getur fengið ljósrit af prófúrlausn sinni innan árs eftir sýnidag námsmats. Þessi afgreiðsla er í höndum skrifstofu skólans og eiga kennarar ekki að sinna þessum beiðnum. Skrifstofa skólans sér um að ljósrita úrlausnina og búa til afhendingar gegn gjaldi skv. gjaldskrá.

2.5 GEYMSLA NÁMSMATS GAGNA

Skólinn varðveitir úrlausnir lokaprófa í eitt ár í skjalageymslu skólans.

Húsverðir sjá um að eyða námsmatsgögnum. Gögnunum skal eytt með aðferðum sem tryggja persónuvernd þannig að öruggt sé að ekki sé hægt að rekja uppruna þeirra til ákveðinna nemenda.

Hægt er að fela aðilum utan skólans að sjá um eyðinguna ef þeir uppfylla skilyrði um persónuvernd.

3 TILVÍSANIR

VR-0003 Ábendingar, kvartanir, umbætur og forvarnir

VR-0004 Námsmat og færsla einkunna